

STJÓRNARTÍÐINDI B 29 – 1994

11. apríl 1994

585

Nr. 192

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagi fyrir sorpstöð Suðurlands í landi
Kirkjuferjuháleigu í Ölfushreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 11. apríl 1994 staðfest skipulag fyrir sorpurðunarsvæði í landi Kirkjuferjuháleigu í Ölfushreppi.

Skipulagstillaga og greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hreppsnefnd Ölfushrepps hefur samþykkt tillöguna og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt hana til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 11. apríl 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

7. apríl 1994

Nr. 193

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Þórshafnarhreppi árið 1994.

1. gr.

Þórshafnarhreppi er heimilt að innheimta sérstakt sorphirðugjald, vegna söfnunar og förgunar á neysluúrgangi frá heimilum, sem til fellur á árinu 1994.

2. gr.

Sorphirðugjald samkvæmt 1. gr. skal vera kr. 3.600 á hverja íbúð/heimili í sveitarfélaginu. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Þórshafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 7. apríl 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.